



Kópavogi, 10.janúar 2020.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid(hja)althingi.is

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vísa til meðfylgjandi umsagnar sem send var Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 31.október 2019 en ljóst er að brugðist hefur verið við mörgum ábendingum sem SSH setti fram í umsögn sinni s.s. að markmið Samgöngusáttmálans yrðu hluti af Samgönguáætlun Alþingis.

SSH vill þó ítreka eftirfarandi ábendingar er varða almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu í langtímaáætlun samgönguáætlunar en í fyrri umsögn stóð „ *Einnig telur SSH nauðsynlegt að gera almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu betri skil í samgönguáætlun og markmiðum með eflingu þeirra m.a. út frá áherslum um loftslagsmál og skuldbindingum ríkisins er það varðar. Sem dæmi fer ekki mikið fyrir umfjöllun um Borgarlínu í kaflanum um almenningssamgöngur sem er að mati SSH mjög mikivægt m.a. miðað við þá fjármuni sem ráðstafað verður til verkefnisins og þau áhrif sem efling almenningssamgangna mun hafa á loftslagsmál eins og áður hefur komið fram“.*

Þá vill SSH ítreka eftirfarandi ábendingu frá síðustu umsögn „ *Þá er að mati SSH, jafnframt mikilvægt að þær aðgerðir, til viðbótar við upptalningu framkvæmda, sem af samgöngusáttmálanum hljóttast komist inn í fimm ára aðgerðaráætlun samgönguáætlunar, t.a.m. að tilgreina gerð lagafrumvarps vegna stofnunar félags sem heldur utan um framkvæmdir samgöngusáttmálans, ákvörðun um að festa í sessi skuldbindingar og hlutverk ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga varðandi viðhald og rekstur stofnvega, stofnstíga og almenningssamgangna og frágangi fjárhagslegara, lagalega og tæknilegra atriða í því sambandi. Fleiri atriði mætti svo sem nefna s.s. er varðar aðkoma sveitarfélaganna að samningu frumvarps um fyrirkomulag samstarfsins (m.a. stofnun á sameiginlegu félagi) og aðkomu að frumvarpi um flýti- og umferðargjöld eins og fjallað er um í samkomulaginu. Þá er vakin athygli á því að endurskoðun samkomulags um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem ljúka á fyrir árslok 2020 er ekki tilnefnd í aðgerðaáætlun*



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

samgönguáætlunar. SSH bindur miklar vonir við samkomulag ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu varðandi rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, sér í lagi að í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða höfuðborgarsvæðisins verði horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu“.

Eins og áður vænta Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu áframhaldandi góðs samstarfs við ráðherra ríkisstjórnarinnar og Alþingi um framgang samgöngusáttmálans, enda mikilvægt að markmið samkomulagisins nái fram að ganga m.a. með skýrri tilvísun í það efni sem tillaga að þingsályktun Alþingis um samgönguáætlun felur í sér.

Virðingarfyllst,

f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi umsögn SSH frá 31.október 2019.